



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráðs

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi málefni Fossvogsskóla

Á 201. fundi skóla- og frístundaráðs sem fram fór 1. mars 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir samantekt á öllum stöðuskýrslum sem varða viðhaldsmál vegna myglu í Fossvogsskóla. Þá er jafnframt óskað eftir öllum minnisblöðum sem snúa að málefnum Fossvogsskóla er varða mygluvandamálið. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um hversu margir samráðsfundir hafi verið haldnir með skólaráði Fossvogsskóla vegna málsins og hvenær þeir fundir hafi verið haldnir og hvaða aðilar hafi setið þá. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska skýringa á því hvers vegna sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs upplýsti ekki ráðið strax um skýrslu Verkís um leið og hún barst Reykjavíkurborg 5. febrúar síðastliðinn. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar óska eftir skýringum á því hvers vegna ekki var boðað strax til fundar í ráðinu eftir að skýrsla Verkís var tilbúin og send Reykjavíkurborg.

Svar:

Allar skýrslur, minnisblöð og úttektir sem gerðar hafa verið vegna athugana og framkvæmda í Fossvogsskóla má finna á Framkvæmdasjá Reykjavíkurborgar <https://2021.reykjavik.is/framkvaemdasjain/fossvogsskoli-endurbaetur>

Allar fundargerðir skólaráðs Fossvogsskóla eru birtar á heimasíðu Fossvogsskóla á slóðinni <https://fossvogsskoli.is/skolinn/skolarad/>

Skýrslur verkfræðistofa vegna úttekta og framkvæmda á skólahúsnæði berast til umhverfis- og skipulagssviðs sem fer með yfirlit og framkvæmdir viðhaldsmála í skólahúsnæði í Reykjavíkurborg. Boðað var til sameiginlegs fundar skóla- og frístundaráðs og umhverfis- og heilbrigðisráðs 1. mars 2021 þar sem m.a. var fjallað um athuganir Verkís á Fossvogsskóla.